



Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2024
UST202403-337/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Selfosslína 1

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Landsnet hyggst leggja nýjan 132 kV jarðstreng frá tengivirkinu á Selfossi norður að mastri 99 í Selfosslínu 1 skammt norðan við Hellisskóg. Kemur strengurinn í stað núverandi loftlínu. Nýi jarðstrengurinn verður að hluta til innan þéttbýlis á Selfossi. Ráðgert er að hann fylgi að hluta legu nýs Suðurlandsvegar og fari yfir fyrirhugaða brú á Ölfusá norðan við Selfoss. Endanleg lega innan þéttbýlisins á Selfossi er óákveðin, en meðal annars þarf að taka tillit til annarra veitna, gildandi skipulags og framtíðar hugmynda um uppbyggingu og veglínur ásamt því að rými þarf að vera fyrir jarðstreng og helgunarsvæði hans. Þó að strenglega hnikist eitthvað til innan þéttbýlisins þá hefur það þó hverfandi áhrif á umhverfisáhrif enda allt raskað land.

Auk þess kemur fram að mannvirkjagerð er takmörkuð innan helgunarsvæðis 132 kV jarðstrengja og því þarf jafnframt að hafa það í huga því gildandi aðalskipulag heimilar talsverða uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði á fyrirhugaðri strengleið.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að gróðurrask á yfirborði grær með tímanum og framkvæmdin er að mestum hluta á manngerðu svæði og í vegköntum og tekur Umhverfisstofnun undir að með góðum frágangi mun ummerki hennar hverfa fljótlega.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru ekki friðlýstar náttúruminjar. Umhverfisstofnun tekur undir að hraun undir þykku jarðvegslagi nýtur ekki lengur sérstakrar verndar samkvæmt ofangreindu ákvæði.

Umhverfisstofnun tekur einnig undir að vegna framkvæmda geti orðið tímabundið rask á búsvæðum fugla og varpi fuglanna.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri